



KENNASAMBAND  
ÍSLANDS

## Skýrsla KÍ um ráðstefnu Alþjóðasamtaka kennara um menntun flóttabarna. Stokkhólmi, 21. – 22. nóvember 2016.

*Education of refugee children – fast track to equal opportunities and integration.*

### Efnisyfirlit

1. Bakgrunnur
2. Nokkrar skilgreiningar
3. Áherslur og þátttakendur
4. Fyrirlestrar, pallborðsumræður og málstofur
5. Flóttamenn og kennarastéttin
6. Menntun og aðlögun (integration)
7. Alþjóðasamtökin og aðildarfélög
8. Umfang og aðstæður í einstökum löndum
9. Vandamál tengd menntun flóttamanna
10. Mat á ráðstefnunni
11. Fylgiskjöl

### 1. Bakgrunnur

Á heimsþingi Alþjóðasamtaka kennara árið 2015 var samþykkt stefna um rétt flóttamanna til menntunar<sup>1</sup> og í starfsáætlun samtakanna 2016-2019 eru mörg verkefni á þessu sviði. Þar er m.a. lögð sérstök áhersla á að styðja við starf aðildarfélaganna að þessum málum og var ráðstefnan haldin í þessu skyni. Alþjóðasamtökin létu útbúa sérstakt app fyrir ráðstefnuna <https://eventmobi.com/eirefugees/> Þar eru miklar upplýsingar um ráðstefnuna og menntun flóttamanna.

### 2. Nokkrar skilgreiningar

Í daglegu tali er flóttamaður sá sem hefur óviljugur hrakist frá heimkynnum sínum og er venjulega án verndar stjórnvalda síns heimalands.

Flóttamaður er skilgreindur í lögum um útlendinga: „Útlendingur sem er utan heimalands síns eða ríkisfangslaus einstaklingur sem er utan þess lands þar sem hann hafði reglulegt aðsetur vegna þess að hann hefur ástæðurikan ótta um að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða vegna stjórnámálaskoðana og getur ekki eða vill ekki vegna slíks ótta færa sér í nyt vernd þess lands. Þeir einstaklingar sem falla undir viðbótarvernd teljast einnig flóttamenn samkvæmt lögum þessum.”<sup>2</sup>

Þeir sem fá pólitískt hæli eða alþjóðlega vernd geta líka verið hluti flóttamanna þó að þeir séu stundum skilgreindir sérstaklega sem pólitískir flóttamenn til aðgreiningar frá þeim sem eru á flótta vegna ófriðar og er þá átt við ástæðurnar sem koma fram í umsóknum flóttamanna um alþjóðlega vernd. Sá sem hefur fengið samþykka stöðu flóttamanns felur ekki bara í sér að viðkomandi hefur hrakist óviljugur frá heimkynnum sínum heldur líka það að viðkomandi fer í gegnum umsóknarferli í öðru landi um alþjóðlega vernd og fær stöðu sína samþykka samkvæmt umsókninni.

<sup>1</sup>EI 2015: Resolution on the right to education for displaced people, refugee and stateless children  
<http://pages.ei-ie.org/library/en/libraries/detail/231>

<sup>2</sup> Lög um útlendinga 80/2016 <http://www.althingi.is/altext/145/s/1467.html>

Alþjóðleg vernd er samkvæmt lögum um útlendinga: „Vernd sem stjórnvöld veita einstaklingi sem hingað leitar og fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru í A-lið 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna, vernd sem veitt er á grundvelli reglna um viðbótarvernd og vernd veitt ríkisfangslausum einstaklingum samkvæmt samningi um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga frá 1954.”

Gerður er greinarmunur á „dvalarlöndum” flóttamanna (host countries) og svonefndum „gegnumstreymislöndum” (transit countries). Löndin í seinni hópnum eru Tyrkland, Grikkland, Ítalía og Balkanlöndin. Þar bíða flóttamenn í röðum eftir því að vera skráðir og að fá vegabréfsáritun til annarra landa og eru aðstæður þeirra almennt þannig að þarna sitja þeir fastir.

Með „menntun fyrir flóttamenn” er átt við menntun fyrir börn og ungmenni sem hafa hrakist óviljug frá heimkynnum sínum til annarra landa, það er börn foreldra/forráðamanna sem eru flóttamenn, hælisleitendur og fylgdarlaus börn.

Fylgdarlaust barn er samkvæmt lögum um útlendinga: „Barn sem kemur fylgdarlaust inn á yfirráðasvæði ríkis, svo lengi sem það hefur ekki í reynd verið tekið í umsjá foreldra eða fullorðins einstaklings sem ber ábyrgð á því samkvæmt lögræðislögum. Þetta á einnig við ef barnið er skilið eftir án fylgdar eftir að það kemur á yfirráðasvæði ríkis.”

### 3. Áherslur og þátttakendur

Menntun barna og ungmenna í hópi flóttamanna og hælisleitenda í nágrannalöndum Sírlands og Íraks, í Evrópu og Norður-Ameríku var í forgrunni á ráðstefnunni. Markmiðið var að deila upplýsingum og reynslu, ræða helstu áskoranir og gagnlegar starfsfyrirmyndir í stjórnsýslu og skólum, og að draga saman efnivið í stefnu um að tryggja aðgang að gæðamenntun fyrir öll börn og ungmenni í hópi flóttamanna og aðferðir við að vinna að þessum málum.

Á ráðstefnunni voru ræddar spurningar á borð við: Hvernig á að skilgreina „aðlögun” og hver eru markmiðin? Hvers konar menntun stuðlar að því að ná þessum markmiðum? Er skólakerfið í stakk búið til að taka á móti fjölmönnum hópum barna og ungmenna sem hafa hrakist frá heimkynnum sínum? Hvernig förum við að því að skapa gott og öruggt skólaumhverfi? Hvernig vinnum við gegn kynþáttafordómum og útlendingahatri? Hvernig komum við í veg fyrir einelti? Hvernig tryggjum við að flóttabörn lendi ekki á glapstigum? Hverjar eru þarfir flóttabarna og hvernig geta kennarar sem best sinnt þörfum þeirra? Þarf að aðlaga námskrár að þörfum flóttabarna? Gefur flóttamannakrísan tilefni til að koma á menntun í lýðræði á alþjóðavísu?

Ráðstefnan beindist að kennarasamtökum og félagsmönnum þeirra, nemenda- og foreldrasamtökum, ráðherrum menntamála og sérfræðingum frá ráðuneytum og stjórnsýslu, háskólum og alþjóðlegum stofnunum og samtökum. Þátttakendur voru tæplega 190, langflestir frá kennarasamtökum eða rúmlega 80%, frá Afríku, Evrópu, Mið-Austurlöndum og Norður-Ameríku. Af hálfu KÍ sóttu ráðstefnuna þrír fulltrúar í framkvæmdastjórn skólamálaráðs, Aðalheiður Steingrimsdóttir varaformaður KÍ, Ingibjörg Kristleifsdóttir formaður FSL og Ingileif Ástvaldsdóttir varaformaður SÍ<sup>3</sup>, og veita þær nánari upplýsingar um ráðstefnuna.

### 4. Fyrirlestrar, pallborðsumræður og málstofur

Á ráðstefnunni var boðið upp á fyrirlestra, pallborðsumræður og málstofur með umræðuhópum.

Við setningu ráðstefnunnar héldu ávörp þau Fred van Leeuwen framkvæmdastjóri Alþjóðasamtaka kennara, Johanna Jaara Ástrand formaður Lärarförbundet í Svíþjóð og Gustav Fridolin, menntamálaráðherra Svía.

Fridolin sagði að ef lönd ESB hefðu tekið á móti jafnmörgum flóttamönnum og Svíar þá hefði tekist að leysa stóran hluta vandans, en 35 þúsund flóttabörn eru þar á skólaaldri. Hann sagði helstu vandamál í sænsku skólakerfi vera kennaraskort, aðgreining nemenda eftir skólum og ýmis kerfisleg mál. Því næst

<sup>3</sup> Sjá skrif Ingileifar Ástvaldsdóttur um ráðstefnuna <https://barabyrja.wordpress.com/2016/11/23/abyrgdin-er-mikil-og-verkefnin-morg/>

fór hann yfir það sem sænska ríkisstjórnin væri að gera og nefndi m.a. að unnið væri að því að hækka laun kennara til að ráða bót á kennaraskorti og að margs konar stuðningur væri veittur við skóla sem taka á móti flóttabörnum, við fræðsluumdæmi/sveitarfélög sem fengju meiri fjárframlög til að vinna að þessum málum, og stuðningur væri veittur við bókasöfn og heilsugæslu. Markmiðið væri að finna öllum stað í skólakerfinu, og nálgunin sem þyrfti að nota við þetta gengi út á að veita flóttabörnum tækifæri til að byggja upp nýtt líf. Allir eigi rétt á gæðamenntun, engin leið væri framhjá því. Flóttabörn sem kæmu fyrir sex ára aldur eigi svipaða möguleika og sænsk börn til að skapa sér „gott líf“. Mat færi fram á stöðu barnanna þegar þau koma til landsins og boðið væri upp á móðurmálskennslu í nokkrum námsgreinum. Allir eigi að taka þátt í að taka á móti börnum - ekki væri „í boði“ að mistakast.

Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar var Hanan Al Hroub, handhafi Alþjóðlegu kennaraverðlaunanna árið 2016 <https://www.youtube.com/watch?v=02Z1NpMB2r4> Hanan sagði lyklatríði hvernig við nálgumst og vinnum úr aðstæðum barna sem eru á flóttu. Reiði og hatur getur búið um sig hjá flóttamönnum og það þarf að taka með í reikninginn í skipulagi náms og kennslu flóttabarna. Veita þarf tækifæri og bjargir til að ráða við þessa stöðu og vinna úr áföllunum (trauma) sem börnin hafa orðið fyrir. Flóttamannastraumurinn geri kröfu um samhæfingu margra og þar vanti mikið uppá. Sameinuðu þjóðirnar þurfi að beina sjónum að hagnýtum ráðum í menntun flóttabarna og gera sjálfbærar langtímaáætlanir fyrir börnin, annars bera þau meiri skaða af ástandinu. Kennarar eru aflið sem getur breytt stöðunni en til að svo geti orðið verða stjórnvöld að styðja við starf kennara á vettvangi. Ástandið er komið til að vera og ekki er lengur hægt að bíða eftir aðgerðum.

Pallborðsumræður fóru fram um eftirfarandi efni:

- *Viðfangsefni ráðstefnunnar í alþjóðlegu samhengi* með þátttöku Ellen Maree Al Daqqa frá UNCHR og Kerstin Holst frá UNESCO sem sögðu frá starfi þessara stofnana að menntun flóttabarna.
- *Aðstæður flóttamanna í Grikklandi, Líbanon og Tyrklandi* með þátttöku fulltrúa kennarasamtaka í þessum löndum.

Á þessu ári er fjöldi flóttamanna í Grikklandi orðinn um 60 þúsund og eru þeir í flóttamannabúðum á 30 stöðum í landinu. Kennarasamtökin og skólar veita flóttabörnum stuðning og eru móttökudeildir í leikskólum og grunnskólum. Vandamálin eru mörg, skortur á menntuðum kennurum, ónógar fjárveitingar til skóla til að sinna menntun flóttabarna, andstaða hjá sumum sveitarfélögum við að taka við flóttamönnum og einnig eru margir flóttamenn tregir við að senda börn sín í skóla því þeir stefna á að komast fljótt til annarra landa í Evrópu. Fjallað er um aðstæður flóttamanna í Líbanon og Tyrklandi síðar í þessari skýrslu.

- *Aðgerðir stjórnvalda í menntamálum flóttamanna.* Andreas Schleicher hjá OECD hélt erindi um menntun innflytjendabarna, og rætt var við Gustav Fridolin menntamálaráðherra Svía, Fred Voncken frá hollenska menntamálaráðuneytinu, Monu Henning frá jórdanska sendiráðinu í Svíþjóð og Patrick Gonthier frá frönsku kennarasamtökunum SNUipp-FSU.

Schleicher ræddi um mikilvægi félagslegrar aðlögunar flóttamanna að samfélaginu. Áhyggjuefni væri að námsleg staða flóttabarna er lakari en innfæddra, og að önnur kynslóð innflytjenda fóti sig síður í menntakerfinu en fyrsta kynslóð sem varpar ljósi á þörfina fyrir langtímastefnu um aðlögun flóttamanna að samfélaginu til að tryggja farsæla þátttöku í menntun.

- *Kennsluhættir til að styðja við menntunarrétt allra flóttabarna* með þátttöku Hanan Al Hroub, Hussein Jawad skólastjóra frá Líbanon, Martinu Hilmer kennara frá Þýskalandi, Natalie Scott kennara frá Englandi og Petru Elio Serti kennara frá Svíþjóð.

Hanan ræddi um mikilvægi þess að nota menntun til að breyta viðhorfum, vinna gegn ofbeldi og að leikurinn væri áhrifaríkasta nálgunin í skólastarfinu að þessu. Hún talaði um aðstæður kennara í starfi og nauðsynlegan stuðning við þá, tíma fyrir undirbúning og námsmat, menntun og starfsþróun og að kennarar hefðu faglegt sjálfstæði til að velja þær aðferðir sem þeir telja að komi nemendum að mestu gagni.

Hussein sagði frá starfinu í grunnskólanum sem hann stjórnar en skólinn er 70 km suður af Beirút. Skólinn er tvísetinn, fyrir og eftir hádegi, til að koma öllum nemendum fyrir. Hvetja þurfi foreldra í hópi flóttamanna sérstaklega til að skrá börn sín í skólann, mætingar flóttabarna í skólanum væru ekki góðar vegna áherslu foreldra á að þau vinni með skólanum til að aðstoða við framfærslu fjölskyldunnar, og stelpur

gangi síður í skóla en strákar. Hann sagði mikilvægt að nota menntunina til að vinna gegn ofbeldi. Kennslan fer bæði fram á arabísku og ensku, nemendum er veitt einstaklingsráðgjöf og fundir eru haldnir með foreldrum til að fá þá til að senda börnin í skólann og þá sérstaklega dæturnar.

Martina sagði frá starfi sínu í fullorðinsfræðslu fyrir unga flóttamenn, 18 ára og eldri. Þeir fá 20 tíma kennslu á viku í þýsku sem öðru tungumáli en meira þyrfti að koma til og skortur væri á viðeigandi námsgögnum. Nemendur fá einnig ráðgjöf og kennslu í listum og íþróttum. Hún sagði mikla þörf á því að kennarar hefðu meiri tíma fyrir nemendur, auka þyrfti stuðning við kennara og efla þekkingu þeirra á kennslu flóttamanna og einnig þyrfti samstarf að vera meira milli kennara um kennslu nemenda.

Natalie sagði frá reynslu sinni af kennslu barna í flóttamannabúðum í Frakklandi. Hún lagði áherslu á ábyrgð kennara, þeir þyrftu að bregðast við ástandinu og miðla upplýsingum um það til samfélagsins.<sup>4</sup>

Petra sagði frá starfi sínu í stórum framhaldsskóla í Gautaborg en þar er meira en helmingur nemenda af erlendum uppruna. Hún sagði mikilvægt að skólinn væri öryggisnet fyrir nemendur og hjálpi þeim að aðlagast samfélaginu. Það væri mikilvægt fyrir hana sem kennara að vita hvaðan nemendur hennar kæmu og að þekkja aðstæður þeirra svo hún geti veitt þeim þá aðstoð sem þeir þurfi á að halda.

- *Staðan í menntamálum flóttamanna í Svíþjóð, Þýskalandi, Bandaríkjunum og Ítalíu*, með þátttöku Jóhönnu J. Ástrand formanns Lärarförbundet í Svíþjóð, Marlis Tepe formanns þýsku GEW kennarasamtakanna, Melissu Cropper varaformanns AFT kennarasamtakanna í Bandaríkjunum og Rossellu Benedetti frá ítölsku kennarasamtökunum, UIL Scuola.

Jóhanna sagði frá stöðunni í Svíþjóð og ræddi um mikilvægt hlutverk kennara.<sup>5</sup> Hlusta þyrfti á kennara, hvað þeir hafi að segja og á þarfir þeirra. Hún lagði áherslu á samstarf kennara, tíma til að skipuleggja kennslu, undirbúa og kenna, minni námshópa, stjórnvöld þurfi að veita skólum og kennurum meiri stuðning og kennarar og skólar þurfi að hafa áhrif á ákvarðanir í skólamáli. Efla þurfi þekkingu kennara á kennslu flóttabarna, tvítýngi og tungumálakennslu, styrkja kennaramenntun og undirbúa kennara vel fyrir kennarastarfið. Hún sagði hlutverk Lärarförbundet felast í að hlusta á kennara og að vera rödd þeirra gagnvart stjórnvöldum.

Marlis sagði starf GEW felast í að setja fram stefnu um menntun flóttamanna og kröfur á stjórnvöld. Skólakerfið hefði engan veginn verið undirbúið fyrir að taka á móti flóttamönnum á árinu 2015 og að auka þurfi stuðning við kennara og skóla, það vanti fleiri kennara til starfa og fleiri skólaláss fyrir flóttamenn, en 34 þúsund kennarar hættu störfum vegna aldurs á hverju ári, efla þurfi kennaramenntun og kennslu þýsku sem annað tungumál. Marlis ræddi einnig um uppgang öfgafullra skoðana í garð flóttamanna í Þýskalandi, og sagði að efla þurfi menntun í lýðræði til að vinna gegn þessu.

Melissa sagði starf AFT snúast um að skólinn væri fyrir öll börn sem veitti gæðamenntun og öruggt umhverfi, þar sem allir væru velkomnir, koma þyrfti þessum áherslum í löggjöf og hleypa fleiri flóttamönnum inn í landið. AFT leggi áherslu á að tengjast og vinna með nærumhverfinu, koma upp menntunarmiðstöðvum fyrir flóttamenn þar sem þeir læri tungumálið og fái stuðning, en óskráð börn væru talin um 2,5 milljónir. Efla þurfi starfsþróun fyrir kennara og aðferðir til að vinna með í kennslu, kennsluhætti og auka framboð á kennslugögnum. Melissa ræddi um andrúmsloftið í samfélaginu eftir forsetakosningarnar, núna væri í lagi að segja vonda hluti við flóttamenn og aðra minnihlutahópa, rasismi væri áberandi og hatursumræða. Kennarasamtök verði að bregðast við þessu, setja skýrar reglur og standa fast á gildum stéttarinnar um rétt til menntunar og mannréttindi, láta í sér heyra og taka ábyrgð á því að berjast gegn þessari þróun. AFT hefur sett af stað herferð gegn hatursumræðu undir myllumerkinu #stopthehate.

Rossella sagði kjarasamninga ítalskra kennara hafa verið í frosti undanfarin sjö ár vegna efnahagskreppunnar og lítil fjárfesting væri í menntakerfinu. Það þurfi að bæta laun og starfsaðstæður kennara, auka þjálfun kennara í því að takast á nýjar aðstæður og kennslu flóttamanna en ekki væri gert

<sup>4</sup> EDlumino <http://edlumino.org/blog/volunteer-natalie-scott-on-classrooms>

<sup>5</sup>Lärarförbundet Allt börjar með en bra lärare <https://www.youtube.com/watch?v=2HSsvlXeaE4> Lärarförbundet Allt börjar með en bra lärare 2 [https://www.youtube.com/watch?v=nsSWi\\_V6jhs](https://www.youtube.com/watch?v=nsSWi_V6jhs)

ráð fyrir þessum þáttum í kennaranáminu, og skortur væri á fjármunum til að bjóða nemendum nám við hæfi. Mörg fylgdarlaus börn kæmu til Ítalíu og flóttamönnum hefði fjölgað mikið á móttökustöðvum og pressan á menntakerfið væri mikil.

Báða dagana var boðið upp á málstofur og var hverri skipt niður í smærri umræðuhópa, og sóttu fulltrúar KÍ tvær málstofur, um stuðning við kennara og ábyrgð kennarasamtaka á menntun flóttamanna. Í fylgiskjali með þessari skýrslu er yfirlit yfir málstofur, umræðuhópa og spurningarnar sem ræddar voru.

Í lok ráðstefnunnar var kynnt ný vefsíða Alþjóðasamtaka kennara um menntun flóttamanna sem hefur þann tilgang að vera stuðningur við starf aðildarfélaga og kennara að menntun flóttamanna <https://www.migrantteachersrights.org/>

## 5. Flóttamenn og kennarastéttin

Árið 2015 áætlaði Flóttamannastofnun SP fjölda flóttamanna í heiminum rúmlega 65 milljónir sem samsvarar nokkurn veginn íbúafjölda Frakklands eða Englands, og eru börn um helmingur flóttamanna.

Baráttan gegn fátækt, sjúkdómum, útilokun og mörgum öðrum ástæðum átaka og að fólk hrekst á flótta frá heimkynnum sínum til annarra landa, byrjar í skólanum. Gæðamenntun er lykilinn að framgangi markmiða SP um sjálfbæra þróun og í glímunni við félagslegar, efnahagslegar, menningarlegar og pólitískar ástæður og afleiðingar flóttamannastraumsins í heiminum og í einstökum löndum. Menntun er árangursríkasta aðferðin við að hjálpa flóttamönnum að aðlagast og fóta sig í nýjum heimkynnum. Kennarasamtök og kennarastéttin hafa sérstökum skyldum að gegna í framgangi þessa.

Menntakerfin í nágrannalöndum Sírlands eru fyrir löngu sprungin vegna fjölda barna í hópi flóttamanna sem eru á skólaaldri. Evrópa og önnur þróuð ríki þurfa bæði að létta byrðinni af nágrannalöndum Sírlands með því að veita meiri fjárhagsaðstoð og að taka á móti fleiri flóttamönnum þaðan og einnig þeim sem eru í „gegnumstreymislöndunum“ (transit countries), Tyrklandi, Grikklandi, Ítalíu og Balkanlöndunum. Mannúðarstofnunum SP hefur aðeins tekist að fjármagna lítinn hluta af brýnni aðstoð við nágrannalönd Sírlands og vorið 2016 ákvað ESB að setja fjármuni í aðstoð við flóttamenn sem eru í Grikklandi, Króatíu, Líbýu, Makedóníu, Serbíu, Slóveníu, Ungverjalandi og Tyrklandi.<sup>6</sup>

Menntun er meðal grunnstoða mannréttinda, og hornsteinn markmiða SP um sjálfbæra þróun. Alþjóðasamfélagið og stjórnvöld í einstökum löndum bera ábyrgð á að tryggja öllum börnum gæðamenntun óháð bakgrunni og uppruna. Ábyrgð kennara felst í að mennta börn og ungmenni í hópi flóttamanna til að koma í veg fyrir að þau verði „týnda kynslóðin“.

## 6. Menntun og aðlögun (integration)

Skýrslur sýna að margir í „dvalar- og gegnumstreymislöndum“ hafa aðstoðað flóttamenn með ýmsum hætti en hindranir eru margar, flókin stjórnsýsla, skortur á húsnæði, atvinnu, aðgengi að skólum, og oft er amast við flóttamönnum og litið á þá sem byrði.

Flóttamenn hafa sérstakar þarfir vegna þeirrar erfiðu reynslu sem þeir hafa gengið í gegnum. Lélegur aðbúnaður, félagsleg útilokun, þöggun, streita og sálræn vandamál einkenna daglegt líf margra flóttamanna eftir komuna til nýrra landa og aðstæður þeirra sem eru fastir í „gegnumstreymislöndunum“ eru enn verri.

Menntun er eitt af lykilsviðum aðlögunar að samfélaginu, óháð því hvernig aðlögun er skilgreind. En markmiðin með aðlögun hafa áhrif á markmið menntunar og skipulag. Það skiptir máli fyrir menntakerfi hvort markmiðin með aðlögun snúist um að nýir íbúar segi skilið við upprunalega menningu sína (samlögun e. assimilation) eða að styðja við mismunandi menningu, hefðir og lífshætti (fjölmennig e. multiculturalism). Spurningar um hvort leyfa eigi notkun blæjunnar eða höfuðklúta í opinberum skólum er aðeins eitt dæmi um margvísleg álitamál sem koma upp í sambandi við markmið aðlögunar. Skólar ættu að vera staðir þar sem börn og ungmenni læra að starfa saman og meta fjölbreytni því framtíðin felur í sér

<sup>6</sup> European Commission: Humanitarian Aid and Civil Protection [http://ec.europa.eu/echo/refugee-crisis\\_en](http://ec.europa.eu/echo/refugee-crisis_en)  
European Commission: Education and Training <http://ec.europa.eu/education/policy/migration>

samfélag sem er margbreytilegt og fjölmenningslegt. Umræðunni um „samlögun“ eða „fjölmenningu“ er hvergi nærri lokið.

## 7. Alþjóðasamtökin og aðildarfélög

Aðildarfélög Alþjóðasamtakanna víðs vegar um heiminn vinna að því að efla og vernda rétt barna til menntunar með því að þrýsta á stjórnvöld, aðstoða við að búa börnum betri námsaðstæður og að virkja félagsmenn í þessu starfi.

Kennarasamtökin í Tyrklandi skipuleggja menntunarúrræði fyrir flóttabörn og kennarasamtökin í Ontaríofylki í Kanada bjóða kennurum í hópi flóttamanna upp á námskeið, kennarasamtökin NUT í Englandi þróa námsefni, AFT kennarasamtökin í Bandaríkjunum gefa út leiðbeiningar fyrir foreldra flóttabarna og áströlsku kennarasamtökin AEU þrýsta á þarlend stjórnvöld að taka upp mannúðlega stefnu í málefnum flóttamanna. Þetta eru aðeins fáein dæmi um þau fjölmörgu verkefni sem kennarasamtök í öllum heimsálfum vinna að.

Til að bregast við áhrifum flóttamannastraumsins í löndunum við Miðjarðarhafið og í Evrópu tóku Alþjóðasamtök kennara og Open Society Foundations<sup>7</sup> upp samstarf um að skipuleggja menntunarúrræði fyrir flóttamenn og að safna upplýsingum um þátt kennarasamtaka í þessum efnunum. Á grundvelli þessa samstarfs hafa Alþjóðasamtökin farið af stað með tvö verkefni sem ná til margra landa og svæða.

Það fyrra felur í sér stuðning við skóla í Frakklandi, Spáni og Ítalíu sem taka á móti flóttabörnum og verið er að undirbúa sambærileg stuðningsverkefni við skóla í Belgíu, Þýskalandi, Hollandi, Póllandi, Ungverjalandi og Grikklandi. Hvert verkefni er aðlagð að þörfum og aðstæðum viðkomandi skóla, nemenda og kennara og gert er ráð fyrir því að foreldrar og nærsamfélagið taki virkan þátt í því að skapa góðar námsaðstæður fyrir öll börn.<sup>8</sup>

Seinna verkefnið beinist að þætti kennarasamtaka í menntun flóttamanna, starf að því að efla jafnræði til menntunar og að veita kennurum stuðning til að tryggja gæði menntunar fyrir flóttabörn.<sup>9</sup> Verkefnið felur í sér könnun í löndum OECD á starfi kennarasamtaka að því að aðstoða félagsmenn þeirra við að takast á við kennslu barna í hópi innflytjenda og flóttamanna, og hvaða þróun hafi orðið á starfi kennarasamtaka á þessum sviðum frá því að Alþjóðasamtökin létu síðast gera könnun á þessum málum árið 2010.<sup>10</sup> Auk þessa hafa verið gerðar vettvangsrannsóknir á Ítalíu, Spáni og Svíþjóð þar sem upplýsingum var safnað um hvernig kennarasamtök og menntamálayfirvöld hafa brugðist við flóttabörnum í skólakerfinu. Gert er ráð fyrir að skýrslur verði gefnar út um þessi efni í byrjun ársins 2017.

## 8. Umfang og aðstæður í einstökum löndum

Fram til þessa hafa meira en 4,8 milljónir Sýrlendinga hrakist á flótta frá heimkynnum sínum, rúmlega helmingur eru börn yngri en 18 ára. Flestir eru í Jórdaníu, Írak, Líbanon, og Tyrklandi og hafa menntakerfi þessara landa enga burði til að tryggja öllum sýrlenskum flóttabörnum menntun.

Aðildarríki ESB veittu um 300 þúsund hælisleitendum alþjóðlega vernd á árinu 2015 og komu flestir þeirra frá Sýrlandi, Eritreu, Írak, Afganistan og Íran. Þau aðildarríki ESB sem tóku við stærstum hluta þessa hóps eru Þýskaland (141 þúsund), Svíþjóð (32 þúsund), Ítalía (30 þúsund), Frakkland (21 þúsund), Holland (16 þúsund) og England (14 þúsund).

<sup>7</sup> Open Society Foundations <https://www.opensocietyfoundations.org/>

<sup>8</sup> Education International: Realizing the Right to Education of Refugees and Migrant Children and their Families <http://download.ei-ie.org/Docs/WebDepot/4710.00ERefugeesRightEducation.pdf>

<sup>9</sup> Education International: Refugees and Migrants [https://www.ei-ie.org/en/websections/content\\_detail/5422](https://www.ei-ie.org/en/websections/content_detail/5422)

<sup>10</sup> Árið 2010 gáfu Alþjóðasamtökin út skýrslu um menntun barna í hópi flóttamanna og hælisleitenda í OECD löndunum: *Education for refugee and asylum seeking children in OECD countries. Case studies from Australia, Spain, Sweden and the United Kingdom* [http://download.ei-ie.org/Docs/WebDepot/EIResearch\\_Paloma\\_Eng\\_final\\_med.pdf](http://download.ei-ie.org/Docs/WebDepot/EIResearch_Paloma_Eng_final_med.pdf) Í skýrslunni eru tillögur um það sem kennarasamtök geta gert í menntun flóttabarna, stjórnvöld, skólar og félagasamtök. Í fylgiskjali með þessari skýrslu er yfirlit yfir þessar tillögur Alþjóðasamtakanna.

### *Jórdanía*

Þar eru um 1,4 milljónir sýrlenskra flóttamanna og er hlutfall flóttamanna af íbúum landsins um 20%. Flestir eru í flóttamannabúðum sem þarlend stjórnvöld hafa komið upp, Zatari búðirnar sem reistar voru árið 2012 eru meðal stærstu flóttamannabúða í heiminum, með 12 skólum fyrir um 20 þúsund nemendur. Jórdanía býður flóttabörnum á grunnskólaaldri ókeypis kennslu. Um 145 þúsund flóttabörn eru í opinberum skólum, og er hlutfall þeirra af heildarfjölda nemenda um 12%. Um 90 þúsund flóttabörn eru ekki í skóla. Tæplega helmingur skólanna á svæðunum þar sem flestir flóttamennirnir búa eru yfirfullir, og þarf að hafa 98 skóla tvísetna. Reisa þarf um 450 nýja skóla í Jórdaníu til að koma vaxandi fjölda nemenda fyrir, bæði innfæddum og flóttabörnum. Einnig er mikil þörf fyrir menntun og þjálfun fyrir kennara til að kenna flóttabörnum. Jórdanía er fátækt samfélag, og hefur að stærstum hluta staðið sjálft straum af kostnaði við menntun flóttabarna, hjálparstofnanir og samtök hafa dekkað um 38% af kostnaðinum.

### *Írak*

Íbúar eru um 35 milljónir, þar af eru um 2,3 milljónir í Kúrdistan og þar dveljast um 300 þúsund sýrlenskir flóttamenn, og eru börnin um 30% af hópnum. Minna en helmingur flóttamanna býr utan flóttamannabúða. Samkvæmt upplýsingum kennarasamtakanna í Írak eru um 170 þúsund flóttabörn skráð í skóla. Við þetta bætist að fjórar milljónir Íraka flúðu frá heimkynnum sínum í kjölfar innrásar ISIS samtakanna inn í norðurhluta landsins árið 2014 og leituðu þeir til annarra svæða í landinu, þar á meðal Kúrdistan en þar eru 1,5 milljónir íraskir flóttamenn.

### *Líbanon*

Meira en tvær milljónir sýrlenskra flóttamanna eru í Líbanon, og er hlutfall flóttamanna af íbúum landsins um 35%. Sýrlensku flóttamennirnir eru ekki í flóttamannabúðum eins og í Jórdaníu og Írak (Kúrdistan) og búa þeir einkum í norður- og austurhluta landsins. Um 450 þúsund sýrlenskra flóttamanna eru á skólaaldri. Fjöldi innfæddra nemenda í opinberum skólum er 275 þúsund, og að auki sóttu 123 þúsund sýrlensk flóttabörn skóla á árinu 2015 til 2016, og stefna menntamálayfirvöld að því að fjölga þeim í 200 þúsund. Til að koma öllum þessum nemendafjölda fyrir þarf að hafa skólana tvísetna, fyrir hádegi og seinni partana, og fá sýrlensku flóttabörnin kennslu samkvæmt námskrá Líbanon. Kennarar eru ráðnir á tímakaupi seinni partana, og fá greitt 12 dollara á tímann. Reynt er að bjóða upp á kennslu yfir sumarið fyrir þau 270 þúsund flóttabörn sem ekki eru í skóla. Tvísetning skólanna felur í sér mörg vandamál. Kennarar kenna á báðum vöktum og eru yfirkeyrðir, sem hefur neikvæðar afleiðingar fyrir gæði kennslu og námsárangur nemenda. Menntamálayfirvöld hafa náði samstarfi við UNHCR, UNICEF og önnur hálparsamtök um menntun flóttabarna. Kennarsamtökin í Líbanon segja margar hindranir vera í vegi fyrir því að bjóða flóttabörnum og innfæddum nemendum upp á gæðakennslu og benda á þessi atriði. Munur á námskrám í Líbanon og Sírlandi, fjöldi nemenda í bekkjum, mismunandi staða einstakra nemenda, ferðakostnaður flóttabarna til að sækja skóla, takmarkaður stuðningur við flóttabörnin til að hjálpa þeim að vinna úr erfiðri reynslu sem þau hafa gengið í gegnum, skortur á kennurum með menntun og þjálfun til að kenna flóttabörnum.

### *Tyrkland*

Þar eru flestir sýrlenskra flóttamanna eða um þrjár milljónir skráðra flóttamanna. Á árinu 2015 höfðu tæplega 700 þúsund flóttabörn á aldrinum 6 til 17 ára aðgang að skólum. Um 85% þjuggu utan flóttamannabúða í þorpum og borgum. Mun fleiri börn sem eru í flóttamannabúðum eru skráð í skóla en þau sem búa utan þeirra, eða 85% á móti 30%. Samkvæmt upplýsingum tyrkneskra menntamálayfirvalda árið 2016 um þau flóttabörn sem voru skráð í skóla, voru 7% þeirra í leikskóla, 52% á yngri stigum grunnskóla, 31% á efri stigum grunnskóla og 10% í framhaldsskóla. UNCHR ráðgerir að innleiða ESB verkefni sem miðar að því að koma á stuðningi við kennslu flóttabarna í tyrknesku, menntun og þjálfun fyrir kennara sem kenna flóttabörnum og að efla félagslega aðlögun flóttabarna að samfélaginu.

### *OECD löndin*

Margs konar vandi einkennir menntun flóttamanna í Evrópu sem stafar oft af því að litið er á menntun flóttamanna sem tímabundið viðfangsefni en ekki sem nýjan og samþættan hluta af menntakerfinu. Sum lönd, og þá sérstaklega þau sem hafa tekið við miklum fjölda flóttamanna, hneigjast til að koma á flóknu menntakerfi fyrir flóttamenn. Önnur lönd, sem hafa talsverðan fjölda flóttabarna, hafa tekið skref til að koma til móts við menntun þeirra, en aðgerðir hafa liðið fyrir niðurskurð á fjármunum og veika eftirfylgni.

Í löndum þar sem flóttamenn eru fáir hefur lítið sem ekkert verið gert og margir þeirra búa við mikið misrétti til menntunar og skólagöngu.

Hér á eftir eru upplýsingar frá ýmsum kennarasamtökum um menntun flóttamanna í þeirra löndum sem Alþjóðasamtök kennara tóku saman.

Fjöldi flóttabarna í skólum og „sýnileiki” þeirra helst hönd í hönd við þá athygli sem menntunarmál flóttamanna fá í viðkomandi löndum. Í mörgum löndum OECD eru ekki til opinberar upplýsingar um fjölda flóttabarna í skólakerfinu. Í einstökum löndum eru til upplýsingar um þjóðerni og móðurmál nemenda en ekki upplýsingar um lagalega stöðu þeirra og sérstakar menntunarfir. Almennt má segja að í löndum þar sem flóttamenn og hælisleitendur eru fáir sé lítið gert til að sinna menntunarmálum þeirra og raunverulegar aðgerðir á þessum sviðum eru í samræmi við þá fjármuni veitt er til þeirra í einstökum löndum.

- Í Englandi og Þýskalandi eru flóttabörn annars vegar 1-1,3% af heildarfjölda nemenda og hins vegar 1-3%. Í báðum löndum er menntun flóttamanna álitin mikilvæg en hún er í höndum fylkja/sveitarfélaga sem veita takmarkaðar upplýsingar um framkvæmdina.
- Í Hollandi eru flóttabörn um 0,5-1% af nemendum og margt hefur verið gert til að styðja við móðurmálakennslu og aðlögun en aðgerðir líða fyrir litlar fjárveitingar.
- Á Ítalíu er fjöldi flóttabarna um 9% og eru áherslur í menntun þeirra mismunandi eftir skólum og takmarkaðir fjármunir eru veittir til þessa.
- Í Kanada eru flóttabörn um 0,13% nemenda og teljast börn sem eru yngri en 14 ára til þessa hóps. Menntunarráðgjafi fyrir flóttabörn eru aðallega í höndum félagasamtaka og annarra opinberra samtaka en áherslur stjórnvalda snúast einkum um að veita innflytjendum almenna menntun.
- Í Póllandi eru flóttabörn langt undir 0,01% af heildarfjölda nemenda, og því hefur ekki verið farið í sérstakar aðgerðir í menntunarmálum þeirra, hvorki á landsvísu né á einstökum svæðum.
- Á Spáni eru flóttabörn um 0,015% nemenda og hefur margt verið gert til að bregðast við menntunarförum þeirra en aðgerðir líða fyrir niðurskurð á fjármunum og hafa þær lítinn forgang.
- Í Svíþjóð eru flóttabörn allt að 15% af nemendafjöldanum á einstökum sviðum skólakerfisins og mikil þörf er fyrir sérstakar aðgerðir í menntunarmálum barnanna og er verið að útfæra úrræði til að bregðast við þessu.

Flest menntunarráðgjafi fyrir flóttabörn hafa þann tilgang að aðlagja þau að almenna skólakerfinu og að koma þeim sem fyrst í almenna námshópa, en fjárveitingar eru takmarkaðar. Almennt er hægt að skipta menntunarráðgjafum í OECD löndunum í þrjá flokka: tungumálakennsla, kynningarverkefni og stuðningsverkefni. Tungumálakennsla er mikilvæg því aðlögun að samfélaginu er meginmarkmið menntunar flóttamanna. Þó að tungumálakennsla sé í boði í flestum OECD löndunum þá er hún ekki fullnægjandi í löndum sem hafa fáa flóttamenn og framboð er lítið. Í mörgum löndum er alvarlegur skortur á tungumálakennurum sem hafa menntun og þjálfun til að kenna flóttabörnum og kennslan líður fyrir niðurskurð á fjármunum. Í Englandi hefur framboð á tungumálakennslu dregist saman vegna niðurskurðar á fjármunum og sama vandamálið er á Spáni, Hollandi og Ítalíu. Stjórnvöld grípa oft til þeirra aðferða að ráða lítið menntað fólk úr hópi innfæddra til að sjá um tungumálakennsluna en menntun og þjálfun tungumálakennara situr að stórum hluta á hakanum.

Kynningarverkefni eru ekki í boði í öllum löndum. Í Þýskalandi og Grikklandi eru móttökubekkir fyrir flóttabörn, kynningarbækki eru á Spáni, Svíar eru með undirbúningsbækki, og í Englandi eru sérstakir skólar fyrir innflytjendur. Önnur verkefni af þessu tagi geta verið svæðisbundin ýmist á vegum skóla, sveitarfélaga eða félagasamtaka.

Í öllum löndum er mjög lítið skipulagt framboð á sérstökum stuðningi við flóttabörn til að hjálpa þeim að vinna úr þeirri erfiðu reynslu sem þau hafa gengið í gegnum. Á Spáni er börnum boðið upp á stuðning af þessu tagi og í öðrum löndum getur hann verið svæðisbundinn í einhverju formi.



## 9. Vandamál tengd menntun flóttamanna

Algengustu vandamálín eru:

- Skortur á menntuðum kennurum
- Skortur á sérstakri menntun og þjálfun fyrir kennara í kennslu flóttabarna
- Ónógar fjárveitingar
- Mikið flakk er á flóttamönnum bæði innan landa og utan
- Aldursmörk eru sett á þá menntun sem er tryggð flóttabörnum, í flestum löndum er miðað við 18 ára aldur en á Spáni og Ítalíu er miðað við 16 ára aldur
- Mikill fjöldi fylgdarlausra barna
- Skortur á traustum upplýsingum um flóttabörn, námsárangur og brotthvarf úr námi

Önnur vandamál tengjast stjórnsýslu einstakra landa, svo sem í Englandi og Hollandi, ójafnri dreifingu flóttamanna milli sveitarfélaga í Svíþjóð og háum námsgjöldum í kennaranámi á Ítalíu.

Þessi vandamál gefa til kynna að taka þarf menntun flóttamanna mun fastari tókum og tryggja rétt til menntunar og aðgengis að skólum.

Skortur á menntuðum kennurum sem og skortur á sérstakri menntun og þjálfun fyrir kennara í kennslu flóttabarna eru alvarlegustu vandmálín í menntun flóttamanna í OECD löndunum og á heimsvísu.<sup>11</sup> Í mörgum OECD löndum hefur verið ráðist í ýmsar aðgerðir til að bregðast við þessum vanda, svo sem í Svíþjóð en þar hafa stjórnvöld sett fjámuni í sérstakar aðgerðir. Í Þýslandi og Englandi eru aðgerðir af þessu tagi í höndum sveitarstjórna og í Grikklandi, Spáni og Ítalíu hafa aðgerðir ekki komist á rekspól vegna takmarkaðra fjárveitinga og niðurskurðar. Í Frakklandi er framboð á sérstakri menntun og þjálfun fyrir kennara aðeins fyrir tungumálakennara og í Hollandi og Póllandi sjá félagasamtök um menntun og þjálfun fyrir kennara.

## 10. Mat á ráðstefnunni

Ráðstefnan var vel skipulögð, fróðleg og gagnleg. Upplýsingar sem aflað var með þátttökunni munu koma að góðum notum í starfi KÍ að menntun flóttabarna, og þá sérstaklega efni um starf erlendra kennarasamtaka á þessum sviðum. Mörg þeirra vandamála sem tengjast menntun flóttamanna í öðrum löndum eiga líka við hér á Íslandi, svo sem skortur á menntuðum kennurum, skortur á sérstakri menntun og þjálfun fyrir kennara í kennslu flóttabarna, ónógar fjárveitingar og skortur á traustum upplýsingum um flóttabörn, námsárangur og brotthvarf úr námi. Staða barna og ungmenna í hópi flóttafólks og hælisleitenda á Íslandi er mjög mismunandi samkvæmt lögum, og í framkvæmdaáætlun stjórnvalda í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019 er m.a. lögð áhersla á að jafna stöðu kvótaflóttamanna og þeirra sem hafa fengið dvalarleyfi hér á landi en ekkert er tekið á stöðu þeirra sem eru í hælismeðferð. Mjög mikilvægt er að menntunarmál barna og ungmenna í þessum hópi verði tekin föstum tókum og að þeim verði tryggð menntun og skólaganga í opinbera skólakerfinu. KÍ hefur samfélagslegum skyldum að gegna á þessu sviði og á ekki að vera eftirbátur erlendra kennarasamtaka í starfi að þessum málum. Það er mjög brýnt að KÍ hefji starf að því að styðja við kennara og skóla sem taka á móti börnum og ungmennum í hópi flóttamanna og hælisleitenda.

---

<sup>11</sup> Vegna skorts á menntuðum kennurum í mörgum löndum hefur m.a. verið farin sú leið í sumum þeirra í samstarfi þarlendrar stjórnvalda og kennarasamtaka að finna menntaða kennara í hópi flóttamanna og að ráða þá til kennslu flóttabarna en áður er menntun þeirra metin og þeim boðið upp á námskeið og þjálfun. Þessi aðferð byggist á stefnu Alþjóðasamtakanna og hefur hún m.a. verið notuð í Svíþjóð. Lärarforbundet: Satsa på nyanlända lärare för att minska lärarbristen <https://www.lararforbundet.se/artiklar/8638>

## Fylgiskjöl

### **Tillögur Alþjóðasamtaka kennara um starf kennarasamtaka, stjórnvalda, skóla og félagasamtaka að menntun flóttamanna í skýrslu sem samtökin gáfu út árið 2010**

- Contemporary societies have the responsibility to ensure that no child is denied its right to education. Ensuring the access of all children to education is not an easy task. Faced with challenges that process such as increased migration flows can pose to societies; school systems are encouraged to revisit their founding principles. At all times, school systems should be guided by the principle of inclusion, and as such aim for the incorporation of all children – regardless of their legal status – into education.
- Integration of migrants into societies is not only a moral obligation, but it is also a tremendous potential benefit for host societies as it brings new cultures, perspectives, skills and talented people into the citizenry of nations. Schools are the key institutions in this.

#### **The report recommended that:**

##### **Teachers' unions should:**

- Assume their function in society in communicating their values, and take strong ethical standpoints which can play an important role in influencing national policy;
- Support the professional development of their members by disseminating magazines and articles, and by providing for training and courses on raising awareness of the specific needs of refugee and asylum seeking children;
- Disseminate good practice among members (e.g. by facilitating meetings where their members can exchange ideas and learn from each other's experiences);
- Continue their lobby with governments for the amelioration and increased attention in teacher training regarding educating in a multicultural environment and teaching refugee and asylum seeking children;
- Expand the pool of information available to teachers on how to teach groups consisting of children with various cultural, ethnic, socioeconomic and educational backgrounds, by calling for or initiating more research on this specific topic.
- Critically analyse the impact of different educational initiatives for refugee children, in terms of whether they foster well-being or instead pose barriers to integration of migrant children, including refugee and asylum seeking children.

##### **Governments and authorities should:**

- Understand and meet international obligations (e.g. UN Convention and European frameworks);
- Listen to refugee children themselves and their peers, and critically ask whether their voices are included in policies and the services they receive. A sound identification of needs;
- Establish and (financially) support practitioner networks to disseminate good practices regarding the education of refugee children;
- Provide more and better training and increase professional development opportunities for educators and teachers in multicultural settings;
- Make sure sufficient resources are made available for the proper training of additional language teachers and mother tongue teachers;
- Ensure that in teacher training attention is directed to how to work with traumatized children;
- Make sure issues related to multiculturalism and related issues such as xenophobia are included within school's curricula;
- Ensure that all policies and guidance to support refugee and asylum seeking children in schools are implemented adequately;
- Provide advice and guidance on access to education to refugee and asylum seeking children and – when accompanied – their parents or caretakers upon arrival;
- Provide parents or caretakers with an overview of the schools in the area to support them to make better-informed choices;

- Financially support children or – when accompanied – their parents or caretakers with schools' additional costs (e.g. for uniforms, school trips, travel to school, materials);
- Provide specialist staff to schools with issues relating to refugee and asylum seeking children; • Ensure that sufficient resources should be available for additional language teachers and mother tongue teachers;
- Ensure the proper training of mother tongue teachers. Research has shown that mother tongue education facilitates the learning of a second language.

**Schools should:**

- Make sure issues related to multiculturalism and related issues such as xenophobia are included within the curricula;
- Deliver tuition, support, and guidance to refugee and asylum seeking children in careful ways to prevent marking them out as different from their autochthonous peers;
- Involve parents or caretakers in extra-curricular activities to raise cultural understanding across the school community;
- Raise awareness in schools regarding refugee and asylum seeking issues to challenge myths perpetuated sometimes by the media;
- Ensure the existence and implementation of anti-bullying and antiracism policies;
- Be sensitive towards the specific educational needs and experiences of refugee and asylum seeking children;
- Ensure induction processes for newly-arrived children that provide general orientation and curriculum-related information, for instance through the use of mentors;
- Provide induction for the parents or caretakers about the education process in a language they understand;
- Not refuse children based on their legal status or (cultural and socioeconomic) background;
- Eliminate costs leading to front-door selection;
- Make available sufficient resources for additional language teachers and mother tongue teachers;
- Provide for proper in-service training for teachers who deal with newly arrived children.

**NGOs should:**

- Empower refugee and asylum-seeking children and their parents or caretakers by for instance informing them properly on their educational rights and options;
- Expand their awareness-raising efforts about (educational) inclusion (e.g. by organizing symposia, carrying out research, publicizing);
- Develop partnerships with other stakeholders to combine and strengthen their forces.

## **Yfirlit yfir málstofur á ráðstefnunni**

### **Málstofa A – ACHIEVING THE RIGHT TO QUALITY EDUCATION**

#### **Umræðuhópur 1: The Role of National Public School Systems:**

- What steps have been taken to ensure refugee children and youth's access to education?
- What are the main systemic challenges to be met and which priorities are to be set?
- Should education programmes in transit countries be targeted at integration in their future host country? Should education programmes take into account a possible return of refugees to their home countries?
- Is there a role to be played by the private sector? If so, what role and under which conditions.

#### **Umræðuhópur 2: Opening Doors to Further and Higher Education:**

- How to remove barriers such as high tuition fees and the lack of recognition of prior learning?
- Should schools establish partnerships with local businesses to enable refugee internships?
- Could distance and e-learning blended with on-site tutoring, provide students with certification from accredited institutions?

#### **Umræðuhópur 3: The Disadvantaged among the Disadvantaged:**

- What measures should be taken to address the needs of the most disadvantaged among refugee children and youth?

#### **Umræðuhópur 4: Preventing Young People from Going Astray:**

- Should data related to individual students be shared with institutions for social protection, health care, and law enforcement?
- Should teachers report unusual behaviour of students

### **Málstofa B – SUPPORTING TEACHERS**

#### **Umræðuhópur 5: Addressing Teachers' Shortages:**

- What measures can transit and host countries take to address acute teacher shortages?
- Could these measures include the temporary employment of not yet qualified teachers and/or teachers' assistants?
- Could these measures include the engagement of volunteers? If so, under which conditions?

#### **Umræðuhópur 6: Teaching in Refugee Centres:**

- What are the main obstacles confronting teachers in refugee camps and refugee centres and how should these be removed?

#### **Umræðuhópur 7: Teacher Professional Development and Support:**

- What measures are needed to facilitate the work of teachers to meet the diverse learning needs of refugee children and youth?
- What should in-service programmes for teachers educating refugee children, entail?

#### **Umræðuhópur 8: Giving Refugee Teachers Work Opportunities:**

- Should refugee teachers be engaged in the formal education of refugee children and youth? If so, under which conditions?
- What experiences in host and transit countries can be learned from?

### **Málstofa C – THE GLOBAL PERSPECTIVE**

#### **Umræðuhópur 9: International Instruments Protecting the Rights of Refugees:**

- What strategies are required to improve countries' ratification and implementation record, and to ensure the development of national plans to implement the SDG's?
- Should national education unions, given the large numbers of school-aged children and youth among refugees, exert pressure on their governments to apply the appropriate international standards?

#### **Umræðuhópur 10: Reaching out to Unaccompanied Minors:**

- How can education unions, schools and teachers help identify and prevent child labour, child exploitation and child abuse in general?

#### **Umræðuhópur 11: Burden or Blessing:**

- What are current examples of successful integration of refugees in host countries?
- What educational programmes have demonstrated to be effective in helping refugees contribute to local economies?

### **Umræðuhópur 12: Sustainable Funding for Quality Public Education:**

- What strategies are required to ensure sufficiently and sustainable funding for public education systems in regions and countries hosting refugee and forcibly displaced children and youth.

### **Málstofa D – CONFRONTING THE PROFESSIONAL CHALLENGE**

#### **Umræðuhópur 13: From Learning the Language to Embracing Values:**

- What are effective models to successfully interact with refugee students, evaluate their education level, build resilience and self-confidence?
- When and how to unobtrusively integrate refugee students in the classroom?
- How to prepare students and the school population in general to the arrival of refugee classmates, including parents?

#### **Umræðuhópur 14: Adaptive Learning and Supportive Learning & Teaching Methods:**

- What are the experiences with adaptive learning methods? Are there other learning and teaching methods which have proven to be effective?
- What materials and tools, including new technology, are required to facilitate the teaching and learning of refugee children and youth?

#### **Umræðuhópur 15. Educating the Whole Child :**

- Skills or values? Are curricula sufficiently balanced to ensure that both skills and values education are adequately provided for?

#### **Umræðuhópur 16: Making the case for Global Citizenship Education:**

- Do globalization and its consequences, including global risks, give reason to pursue global citizenship education and other curriculum reforms?
- What can be learned from current experiences?
- What support should be given to teachers and schools?
- Are there obstacles to the introduction of global citizenship education?

### **Málstofa E – CREATING A FAVOURABLE SCHOOL ENVIRONMENT**

#### **Umræðuhópur 17: Building a Harmonious School Community:**

- What constitutes a safe and harmonious school community? What school strategies have proven successful?
- How can teachers involve refugee families in the education of their children?
- Should schools work together with civil society organisations and faith-based institutions to help them overcome language and cultural barriers? What practices have proven successful?

#### **Umræðuhópur 18: Combatting Racism and Xenophobia:**

- What are effective educational and pedagogical tools?
- What are the gaps that prevent teachers from tackling bigotry, intolerance, and bullying effectively?
- How can parents be engaged in fighting bigotry and intolerance?

#### **Umræðuhópur 19: Addressing the Aftermath – Training on PTSD & violent behavior:**

- What are effective models of trauma counselling?

### **Málstofa F – EDUCATION UNIONS TAKING RESPONSIBILITY**

#### **Umræðuhópur 20: Establishing Partnerships:**

- Should education unions bring together or establish networks of their members who are teaching refugees?
- How could partnerships with parents and students' organisations help enhance the accessibility of refugee children and youth to quality education?

#### **Umræðuhópur 21: Sustainable Development Goals:**

- What initiatives can Education Unions and their members take to advance the Sustainable Development Goals?

#### **Umræðuhópur 22: Supporting the Global Teachers' Networks:**

- How to facilitate an ongoing international conversation between educators to help ensure the delivery of quality education to all forcibly displaced children and young people?

